



Umhverfis- og skipulagssvið
Reykjavíkurborgar



Elliðaaðrvogur Ártúnshöfði rammaskipulag

Áfangaskipt áætlun um uppbyggingu og þróun svæðisins í samræmi við stefnu Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030

Takmarkanir á gististarfsemi í borginni

Mikið hefur verið rætt um áhrif ferðamannastraumsins og deiliahagkerfisins á íbúðarverð í borginni undanfarið.

Strætórein, hljóð- varnir og stígar við Miklubraut

Í sumar verða gerðar miklar endurbætur á Miklubraut milli Rauðarárstígs og Lönguhliðar.

Leiðari

Um þessar mundir er margt að gerast í borgarlandinu. Miklar framkvæmdir eru í miðborginni þar sem nýjar byggingar rísa hver á fætur annarri og setja nýjan svip á borgina. Við þessar framkvæmdir sem lúta því markmiði að þétta byggð mun ávallt verða rask á borgarlandinu með tilheyrandi truflun á umferð fólks hvort sem það er akandi, hjólandi eða gangandi vegfarendur.

Á skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins er veitt leyfi fyrir afnotum af borgarlandi, svonefnd afnotaleyfi. Allir sem hafa hug á að nota borgarlandið tímabundið vegna framkvæmda, viðburða eða annarra nota svo sem geymslu verða að sækja um ofangreint afnotaleyfi. Afnotaleyfi vegna tímabundinnar notkunar borgarlands er hluti af ábyrgð borgaryfirvalda sem svonefndur veghaldari en samkvæmt vegalögum hefur veghaldari forræði yfir vegi og vegsvæði, þar með talið vegagerð, þjónusta og viðhald vega samkvæmt sömu lögum.

Markmið með útgáfu afnotaleyfa byggir á tveimur stoðum, annars vegar að gæta að öryggi vegfarenda t.d. þegar um er að ræða framkvæmdir sem þurfa að nota borgarlandið á framkvæmdatíma eða notkunartíma, og hins vegar að gæta að þeim verðmætum sem felast í borgarlandinu með það að markmiði að lágmarka skemmdir og tjón vegna notkunarinnar. Með útgáfu afnotaleyfa á borgarlandið gefst góð yfirsýn yfir notkun á borgarlandinu og þar af leiðandi möguleiki á að stjórna með skilvirkum hætti þessari notkun sem er nauðsynlegt í hefðbundnum rekstri á landi sveitarfélaga. Með útgáfu afnotaleyfa felst einnig eftirlit með þeim aðilum sem fá leyfi til að nýta borgarlandið til fjölbreyttra verka. Eftirlitið tryggir að skilmálum afnotaleyfanna sé fylgt og að borgarlandinu sé skilað til baka eins og það var fyrir skilgreinda notkun.

Undanfarna mánuði hafa allir verkferlar, skilmálar og vinnubrögð við útgáfu afnotaleyfa á borgarlandið verið til endurskoðunar hjá skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins. Markmið endurskoðunarinnar er að gera útgáfu afnotaleyfa skilvirkari og bæta þjón-


ustu við umsækjendur. Árið 2016 voru afgreidd tæplega 900 afnotaleyfi á borgarlandið. Þessi leyfi skiptust í framkvæmdir, viðburði og önnur afnot en þess ber að gæta að hlutfall viðburða t.d. allskyns hátíða, tónleika og annarra skemmtana, hefur aukist gríðarlega undanfarin ár enda er það markmið borgaryfirvalda að glæða borgina meira lífi.

Þetta markmið hefur svo sannarlega tekist vel hjá borgaryfirvöldum og má segja að miðborgin iði af lífi bæði hvað varðar hina ýmsu viðburði og upp-ákomur en ekki sist vegna allra ferðamannanna sem nú spígspora um götur borgarinnar. Allt er þetta mikið gleðiefni og gefur borginni aukna breidd og fjölbreyttara líf. Í þessum málum felast mikil verðmæti fyrir borgarbraginn sem við á umhverfis- og skipulagssviði fögnum og njótum jafnframt þeirra forréttinda að fá að starfa við að skapa betri borg fyrir alla.

Hjalti Jóhannes Guðmundsson, skrifstofustjóri á skrifstofu rekstur og umhirðu borgarlandsins

Umhverfi

Myndin sýnir hlutfall mismunandi úrgangsflokka í blönduðum úrgangi urðuðum í Álfnesi. Gráa súlan sýnir heimilisúrgang frá íbúum en hinar tvær frá rekstraraðilum.



Fyrirtæki í Reykjavík flokka og skila



**Frá og með
mánudeginum
13. febrúar 2017
var fyrirtækjum
í Reykjavík
skylt að flokka
og skila til
endurvinnslu og
endurnýtingar**

Reykvískum heimilum hefur verið gert að flokka ákveðna úrgangsflokka frá blönduðum úrgangi og skila í endurvinnslu og aðra móttöku. Nú hefur Reykjavíkurborg samþykkt að fyrirtækjum sé einnig skylt að flokka og skila eins og heimili gera.

Þessar breytingar voru innleiddar í gegnum endurskoðaða Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík sem borgarstjórn samþykkti í desember. Fyrirtæki henda pappír í meira mæli en heimili.

Greiningar SORPU benda til að hlutfall pappírs í blönduðum úrgangi sé meira frá fyrirtækjum en heimilum. Það kemur á óvart þar sem hagrænn hvati er að flokka og skila pappírsefnum. Skil á þeim eru gjaldfrjáls á meðan skil á blönduðum úrgangi kostar. Svo virðist sem mörg fyrirtæki átti sig ekki á því að hægt er að spara peninga með aukinni flokkun t.d. pappírsefna og plasts. 110 þúsund tonn voru urðuð í Álfnesi árið 2016. Þarf af voru 60% frá fyrirtækjum eða 66 þúsund tonn.

Þó hefur hlutur pappírs í gráu tunnunni undir blandaðan úrgang við heimili aukist lítið eitt frá því það var lægst árið 2014 eða 8% en er nú 13%. Eftir að íbúum var gert skylt að flokka pappír frá öðrum úrgangi jókst endurvinnsla pappírs stórlega eða úr 32% í gráu tunninni í einungis 8% á skömmum tíma. Vonir standa til að það sama gerist hjá fyrirtækjum. Síðan að breytingarnar tóku gildi hafa einkaaðilar sem hirða úrgang frá fyrirtækjum auglýst grimmt þjónustu við skil á endurvinnsluefnum. Mörg fyrirtæki standa sig nú þegar afar vel og eru með umhverfisstefnu og skila nær engu til urðunar og endurvinnna nánast allt sem til fellur.

Reykjavíkurborg hefur sett sér metnaðarfull markmið um flokkun og skil til endurvinnslu í Aðgerðaáætlun um meðhöndlun úrgangs og í aðalskipulagi. Svo þetta geti orðið að veruleika þurfa allir að taka þátt, bæði íbúar og fyrirtæki.

Heimilisúrgangur dróst saman 2016 Heildarmagn úrgangs í heimilistunnum hefur minnkað úr 179 í 173 kg á íbúa

að jafnaði. Magn blandaðs úrgangs í tunnum við heimili minnkaði um 809 tonn eða 4,4 % milli árana 2015 og 2016. Magn plasts sem skilað er í grænar tunnur jókst verulega eða um 142 tonn, þ.e. um 99,3% milli ára. Magn pappírsúrgangs skilað í bláar tunnur stóð nánast í stað á milli ára. Samanlagt dróst blandaður úrgangur, plast og pappír saman um 697 tonn eða 3,4%. Aftur á móti hafa skil á grenndar- og endurvinnslustöðvum aukist á milli ára eða um 15% að jafnaði en þó misjafnlega eftir úrgangsflokkum. Til dæmis hafa skil á plasti aukist um 120% á milli ára 2015–2016.

„Við tökum eftir miklum áhuga hjá íbúum og fyrirtækjum á að auka endurvinnslu en þó má gera enn betur og þessi breyting er liður í því,“ segir Eygerður Margrétardóttir deildarstjóri umhverfis- og úrgangsstjórnunar hjá Reykjavíkurborg. Fyrirtækjum standi til boða þjónusta við hirðu og meðhöndlun endurvinnsluefna hjá einkaaðilum, auk þess sem endurvinnslustöðvar eru fyrir hendi.

Rammaskipulag fyrir Elliðaárvog–Ártúnshöfða



Rammaskipulagið

Mynd: Arkis, Landslag og Verkis

Í tillögunni er sett fram áfangaskipt áætlun um uppbyggingu og þróun svæðisins í samræmi við stefnu Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030 og vinningstillögu um skipulag svæðisins

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs í janúar var samþykkt tillaga að rammaskipulagi fyrir svæðið við Elliðaárvog – Ártúnshöfða. Í tillögunni er sett fram áfangaskipt áætlun um uppbyggingu og þróun svæðisins í samræmi við stefnu Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030 og vinningstillögu um skipulag svæðisins.

Rammaskipulag svæðisins gerir grein fyrir helstu efnistökmum við uppbygg-

ingu hverfisins. Nánari útfærslur verða þróaðar í deiliskipulagi. Gerður er fyrirvari við byggingarmagn og íbúðafjölda sem fram koma í rammaskipulaginu en tölulegar upplýsingar ákvarðast í deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir uppbyggingu íbúðahúsnæðis og innviða fyrir allt að 12.600 manns þegar hverfi við Elliðaárvog og á Ártúnshöfða verður að fullu endurgert. Fjöldi íbúða gæti orðið á bilinu 5.100–5.600.

Skipulagshugmyndin

Landslag á Ártúnshöfða skiptir hverfinu í tvö megin svæði, byggðina uppi á höfðanum og byggðina niðri við voginn. Grænt belti teiknar upp gömlu strandlínuna og brún höfðans og myndar jákvæðan suð- og austlægan jaðar fyrir neðri byggðina. Ártúnshöfðinn er dreginn sérstaklega fram sem kennileiti með því að færa sjóinn aftur inn að honum með „Elliðahöfn“ sem sker sig inn í landfyllingu og skapar skilyrði fyrir lifandi byggð í nýju bryggjuhverfi sem snýr vel við sól og er í skjóli fyrir hafgolu. Áberandi kennileitisbyggingar og útsýnispallur fremst á höfðanum styrkja þessa mynd. Borgarlínan um Stórhöfða er meginæð á efra svæðinu, en Sævarhöfðinn hlykkjast um neðra svæðið. Framlengdur Breiðhöfði liggur sem sjónás í gegnum efri og neðri byggðina þvert á Stórhöfða og

Sævarhöfða og sameinar svæðin tvö. Frá Breiðhöfða er útsýni yfir Grafarvog til Esjunnar. Þessar þrjár götur fá yfirbragð breiðstræta og er Stórhöfðinn þeirra breiðastur til að rúma samgöngu- lausn sem valin verður fyrir borgarlínuna. Meginkjarnar byggðarinnar myndast við torg þar sem Breiðhöfðinn sker Stórhöfða (Krossmýrartorg) og norðan gatnamóta Breiðhöfða og Sævarhöfða (Bryggjutorg). Efri byggðin nýtur útsýnis og almenningsgarða og torga, en sú neðri nálægðar við sjó og aðliggjandi náttúruþerlur í Elliðaárdal og Grafarvogi. Svæðin njóta nálægðar hvort við annað. Geirsnefi verði umbreytt í skjólgott og fjölbreytilegt útivistarsvæði fyrir aðliggjandi byggð og sem framlenging á útivistar- og náttúrusvæðinu í Elliða- árdal.


Undanfari rammaskipulags

Í lok árs 2014 efndi Reykjavíkurborg til hugmyndasamkeppni um ramma- skipulag en ætlunin er að stækka Bryggjuhverfið og endurskoða skipu- lag svæðisins á Ártúnshöfða þannig að það geti þróast og öðlast nýtt hlutverk sem blönduð byggð búsetu og atvinnu. Svæðið er eitt af lykiluppbyggingar- svæðum í borginni og gegnir mikilvægu hlutverki gagnvart því markmiði aðal- skipulagsins að þetta byggð í borginni. Þar af leiðandi þótti tímabært að hefja vinnu við endurþróun þess, en fyrir- sjáanlegt er að verkefnið er í heild sinni langtíma verkefni. Vinningstillagan þótti uppfyllta best og flest markmið Aðal- skipulags Reykjavíkur 2010–2030.

Tillaga Arkís, Landslags og Verkís um rammaskipulag svæðisins var valin til verðlauna eftir samkeppnina og voru niðurstöður kynntar í júní 2015. Vinn- ingstillagan varð fyrir valinu því hún þótti skapa skýrar einingar í heildstæðu hverfi með margvíslegri útfærslu byggðarreita sem byðu upp á fjölbreyttar húsagerðir og m.a. aðlaðandi og fjölbreyttum almenningsrýmum og góðu samspili sjávar, lands og byggðar, staðsetur verslun og þjónustu m.t.t. samgönguáss og í göngufjarlægð frá öllum íbúðum, tekur tillit til landslags og umhverfis og stuðlar að fjölbreytileika þess o.fl.

Snið sem sýnir hæðarmun
Mynd: Arkís, Landslag og
Verkís

ÁRTÚNSHÖFÐI



Fyrirmynd




Fyrirmynd

Mynd af skipulagssvæðinu.
Mynd: Mats Wibe Lund



Takmarkanir á gisti- starfsemi í borginni

Hlutfall íbúða í útleigu á Airbnb í júlí 2016 milli póstnúmera. Heimild: AirDNA, Expectus og Greining Íslandsbanka



Samkvæmt skýrslu Íslandsbanka um íslenskan íbúðarmarkað frá október 2016 voru „3.049 eignir skráðar til útleigu á Airbnb í ágúst 2016 í Reykjavík.“ „Hafði þeim þá fjölgað um tæp 80% frá ágúst 2015. Á hverjum degi í júlí árið 2016 var ein af hverjum átta íbúðum í 101 Reykjavík í leigu til ferðamanna í gegnum Airbnb. Voru því tæp 12,5% íbúða á því svæði tileinkuð ferðamönnum.“ Framboðið á Airbnb er minna á öðrum árstímum en það er einnig ljóst að hluti þessara gististaða starfar án leyfis.

Margar aðrar borgir hafa fundið fyrir vexti deiliahagkerfisins og sumar þeirra hafa gert lagabreytingar til að takmarka skammtímaútleigu á íbúðarhúsnæði til ferðamanna eins og t.d. Barselóna, Berlin, París London og Amsterdam. Þær tvær síðastnefndu hafa tekið upp svipað kerfi og hefur verið tekið upp hér á Íslandi með tilkomu breytingar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmt-anahald nr. 85/2007.

Samkvæmt lagabreytingunni er einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki heimilt að starfrækja heimagistingu gegn endurgjaldi á lögheimilum sínum,

Mikið hefur verið rætt um áhrif ferðamannastraumsins og deiliahag- kerfisins á íbúðarverð í borginni í fjölmiðlum undanfarið

eða í einni annarri fasteign í þeirra eigu, að hámarki í 90 daga á ári og mega tekjur af starfseminni að hámarki nema tveimur m. kr. á ári. Starfsemin er skráningarskyld og því þarf ekki lengur að sækja um rekstrarleyfi fyrir flokk I eins og fyrir lagabreytinguna en þá var heimilt að hafa heimagistingu allt árið. Starfsemin er hins vegar enn sem áður starfsleyfis-skyld samkvæmt lögum um hollustu-hætti og mengunarvarnir.

Endurnýja þarf skráningu árlega og þarf aðili með skráða heimagistingu að skila til sýslumanns yfirliti yfir þá daga sem húsnæði var leigt út ásamt upplýsingum um leigutekjur og er sýslumanni heimilt að senda upplýsingarnar til skattýfir-valda. Sýslumaður úthlutar aðila skráningarnúmeri sem skal nota í allri mark-aðssetningu og kynningu. Sé númerið ekki notað er sýslumanni heimilt að beita

stjórnvaldssektum á bilinu 10 þús. kr. til 1 m. kr. Eftirfylgni með heimagistingu ætti þannig að verða skilvirkari.

Takmarkanir á gististarfsemi í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030

Helsta stýritæki sem sveitarfélög hafa til að heimila eða takmarka gististarfsemi á tilteknum svæðum er aðalskipulag. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur eru mismunandi heimildir um gististaði eftir land-notkunarflokkum og yfirleitt eru þær rýmstar á miðsvæðum en þó er það misjafnt eftir tegundum miðsvæða. Nú eru drög að breytingu á aðalskipulagi í kynningu um þrengingu á heimildum fyrir gististaði í Miðborgarkjarnanum þar sem ásóknin hefur verið hvað mest.


Á skilgreindum íbúðarsvæðum er einungis heimilt að vera með gististaði í

flokki I, þ.e. heimagistingu, sem takmarkast nú við 90 daga á ári. Innan íbúðarbyggðar eru skilgreindar svokallaðar aðalgötur og kjarnar, en markmiðið með þeim er að beina nýjum gisti-stöðum (flokkur II og III) á valin svæði innan íbúðarbyggðar, þar sem starfsemin skapar minnst ónæði og stemma þannig stigu við fjölgun stærri gististaða innan rótgrónna íbúðarhverfa og við friðsælar húsagötur.

Þar sem að ákvæði um gististarfsemi á íbúðarsvæðum eru nokkuð stíf þá hefur verið þónokkur ásókn í gistileyfi við

aðalgötur og í nærþjónustukjörnum og mun lagabreytingin líklega leiða til þess að þrýstingurinn muni aukast enn frekar. Til þess að taka á móti auknum þrýstingi er verið að endurskoða stefnuákvæði aðalskipulags varðandi heimildir um gististaði ásamt skilgreiningu aðalgatna, kjarna og einstakra landnotkunar-svæða. Almennt þrengri heimildir um gististaði, sérstaklega í Miðborg Reykjavíkur, gætu beint uppbyggingu á gististöðum á önnur miðsvæði í borginni og styrkt uppbyggingarmöguleika ferðapjónustu í öðrum sveitarfélögum höfuðborgar-svæðisins.

Helstu ástæður fyrir að stemma stigu við fjölgun gististaða innan íbúðarbyggðar eru að koma í veg fyrir að umbreyting íbúðarhúsnæðis í gististað veiki ekki íbúasamfélagið í viðkomandi hverfi um of og að áhrif á íbúðarhúsnæðismarkað verði sem minnst. Fækkun íbúa hefur í för með sér minni notkun á innviðum og fjárfestingum borgarinnar, t.d. í skólum og leikskólum. Einnig er lögð áhersla á að tryggja ákveðna fjölbreytni í hverfum borgarinnar, dreifa mannlífi sem fylgir ferðamönnum meira um borgina og koma í veg fyrir ónæði af of mikilli umferð ferðamanna sem íbúar kvarta gjarnan yfir.





Hvað er í gangi?

Sýningunni er ætlað að varpa ljósi á þróun byggðar í miðborginni og þau uppbyggingaráform sem eru í deigluinni eftir samþykkt Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030. Götukort af borginni verður á gólfi ráðhússins og munu helstu uppbyggingarsvæði vera sýnd í þrívíddarlíkani í 1:200 sem að er lyft upp á viðeigandi stað á kortinu. Hver uppbyggingaraðili sér um smíði líkans fyrir sinn reit og er efnisnotkun og aðferð við gerð líkana frjáls og á að endurspegla svæðið, arkitektúrinn, markmiðið eða hugmyndina á bak við hvern reit.

Á sýningunni verða einnig borð með frekar upplýsingum um tölfræðilegar staðreyndir, sögu miðborgarinnar og viðtöl við mismunandi aðila sem tengjast miðborginni á ólíkan hátt. Horft er á Miðborgina út frá fjórum mismunandi áhrifavöldum eða hreyfiöflum, þ.e. landi, fjármagni, fólki og innviðum.

Sýningin tekur hálfan Tjarnarsalinn og er gert ráð fyrir að hún muni verða opin í allt að tvö ár og verða skipulagðir ýmis konar viðburðir í tengslum við hana.

Sýningin „Hvað er í gangi? Þróun byggðar í miðborg Reykjavíkur“ verður opnuð í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur á opnun Hönnunarmars þann 23. mars 2017 og verður opin í allt að 2 ár

Skipulagsverðlaunin 2016



Vogabyggð, svæði 2 hlaut Skipulagsverðlaunin fyrir árið 2016 sem afhent voru þann 14. febrúar sl. í Hannesarholti



Deiliskipulagið er unnið af Teiknistofunni Tröð og jvantspijker + Felixx frá Hollandi fyrir Reykjavíkurborg. Deiliskipulagið tók gildi þann 6.mars 2017 með birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagið nær yfir eldra iðnaðarsvæði sem til stendur að umbreyta í íbúðar- og atvinnusvæði og gerir skipulag svæðisins ráð fyrir metnaðarfullri uppbyggingu með áherslu á góða hönnun og vandaðar útfærslur. Áformaðar eru framkvæmdir á vegum Reykja-

víkurborgar og Veitna við gerð gatna, torga, stiga, strandstiga, landfyllinga, grjótna og nýrra stofnlagna, útsýnis- og göngupalla. Auk þess er gert ráð fyrir göngubru og stíflu við Háubakkatjörn, brú yfir Naustavog, færslu á Kleppsmýrarvegi og færslu skólpadælustöðvar. Lögð er áhersla á heildstæðar götmyndir og borgarmiðað gatnakerfi. Á svæðinu verður blönduð íbúðabyggð með skrifstofum, verslunum og þjónustu í samfelldri 3–5 hæða húsaröð sem liggur þétt við götu.

Að mati dómnefndar er tillagan góð lausn sem setur fram spennandi og nútímalega borgarsýn en leysir einnig vel úr flækjustigi. Um er að ræða þetta og fjölbreytta byggð þar sem gert er ráð fyrir öllum ferðamátum og almenningsvæðum er gert hátt undir höfði. Gott samspil er á milli núverandi mannvirkja á svæðinu og nýrrar byggðar. Einnig er að mati nefndarinnar vel hugað að staðaranda og náttúru auk þess sem nærumhverfi Elliðaáanna er nálgast á varfærinn en skapandi hátt.

Strætórein, hljóðvarnir og stígar við Miklubraut

Endurbæturnar eru töluvert umfangsmiklar, en hliðra þarf akreinum og miðeyju til norðurs til að koma fyrir strætórein meðfram Miklubraut sunnanverðri. Lagðir verða göngu- og hjólastígar meðfram Klambartúni og svæðið milli götu og garðs fegrað með trjám og gróðurbeðum. Tengingar verða á fjórum stöðum frá göngustíg inn á stíga Klambartúns. Einnig verður settur trjágróður í miðeyju götunnar.

Beggja megin Miklubrautar verða reistir hljóðvistarveggir og verða þeir staðsettir í nánd við götu til að halda hæð þeirra í lágmarki. Að norðanverðu verður veggurinn úr grjótkörfum en steiptur veggur að sunnanverðu.

Tengingu Reykjahliðar við Miklubraut verður lokað til að auka umferðaröryggi og koma í veg fyrir að bílaröð myndist á forgangsakreinu Strætó á háannatíma. Það svæði sem skapast við breytinguna verður nýtt sem torgsvæði ásamt biðstöð fyrir Strætó, en biðstöðvarnar beggja megin götu færast aðeins til og verða endurgerðar.


Í sumar verða gerðar miklar endurbætur á Miklubraut milli Rauðarárstígs og Lönguhlíðar en deildiskipulag fyrir svæðið var samþykkt í borgarráði fyrir ári síðan

Torgið verður hellu- og steinlagt. Ljósastýrð gangbraut færist og verður staðsett milli biðstöðva Strætó á mótis við Reykjahlið.

Samhliða þessum framkvæmdum verður unnið við endurnýjun á veitulögnum í götunni og götulýsing verður endurnýjuð eftir þörfum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist í maí.



Göngu- og hjólastígur við Klambartún.
Mynd: Landslag



Skýringarmynd úr deildiskipulaginu. Snið fyrir Miklubraut við Reykjahlið

Innleiðing Hjólreiðaáætlunar Reykjavíkur árið 2017

Á þessu ári mun borgin halda áfram að fylgja hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2015–2020, en áætlunin gerir m.a. ráð fyrir því að lagðir verði um 30 km af hjólastígum á tímabilinu

Markmið hjólreiðaáætlunarinnar er að bjóða upp á fleiri valkosti í samgöngum og fjölga með því hjólandi og gangandi í borginni. Aukin hlutdeild hjólreiða í samgöngum hefur góð áhrif á umhverfið, bætir loftgæði og lýðheilsu ásamt því að skapa líf og gera Reykjavík að skemmtilegri og betri borg að búa í.

Helstu framkvæmdir ársins

Í ár verður lagður hjólastígur um Kalkofnsveg framan við Hörpu sem mun tengjast nýjum hjólastígum við Lækjargötu og Geirsgötu þegar gatnamótin hafa verið flutt. Hjólastígur við Sæbraut er lengdur til austurs frá Kringlumýrabraut að Laugarnesi og verður stígurinn þá að fullu aðskilinn frá göngustíg. Þá verða lagðir aðskildir göngu- og hjólastígar meðfram Kringlumýrabraut frá núverandi stíg neðan kirkjugarðsins í Fossvogi að stíg við sveitarfélagamörk Reykjavíkur og Kópavogsbæjar.

Byggður verður aðskildur hjóla- og göngustígur samsíða Suðurlandsbraut, nánar tiltekið á kaflanum milli Langholts-



Hjólaleið meðfram Sæmundargötu

vegar og Engjavegar í Laugardal. Þar með verður kominn samfelldur hjólastígur meðfram Suðurlandsbraut allt frá Katrinartúni að Elliðaám.

Við Miklubraut verður lagður hjólastígur frá stíg við göngubráu yfir Miklubraut að stíg sem liggur við Ásenda. Þessi stígur verður lagður samhliða lagningu strætóreinar og byggingu hljóðmanar milli Miklubrautar og Rauðagerðis. Sama á við um tvöfaldan hjólastíg sem liggur meðfram Klambartúni. Stígurinn er hluti af stærri framkvæmdum á gatnamannvirkjum við Miklubraut á kaflanum milli Rauðarárstígs og Lönguhlíðar.

Þá er auk fleiri verkefna stefnt að lagningu nýs hjólastígs í Elliðaárdal, sunnan vesturáls Elliðaáa, milli Reykjanesbrautar og Höfðabakka og aðskilja þannig gangandi og hjólandi umferð. Stígarnir munu bæta aðstæður verulega á þessu vinsæla útivistarsvæði í hjarta borgarinnar.

Aukin þjónusta og öryggi

Göngu- og hjólastígar borgarinnar liggja margir utan hefðbundinna samgöngu- leiða, en hjólreiðafólk eins og aðrir velur

yfirleitt stystu leið á ferðum sínum og því rökrétt að hjólaleiðir fylgi gatnakerfi borgarinnar í auknum mæli. Umferð hjólandi og gangandi er hins vegar í eðli sínu ólík. Hjólreiðafólk fer mun hraðar yfir þó á hljóðlátan hátt sé sem getur skapað hættu fyrir gangandi vegfarendur. Æskilegt er að aðskilja þessa umferð á helstu samgönguæðum.

Borgin hefur líka lagt áherslu á að bæta lýsingu á stígum borgarinnar og aukið vetrarþjónustu, en einnig hefur hitalögn verið lögð í stíga á helstu leiðum. Hjólastæðum í miðborginni hefur verið fjölgað töluvert sem og við helstu stofnanir borgarinnar, íþróttamannvirki og skóla. Framundan er sérstakt átak í að fjölga hjólastæðum við grunnskóla borgarinnar og meginleiðir hjólreiða verða merktar með nýjum skiltum með vorinu. Með því að bæta þjónustu og öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda verður þessi fararmáti fýsilegur kostur bæði fyrir börn og fullorðna í borginni til hagsbóta fyrir umhverfið og samfélagið allt.



Niðurstöður í samkeppni um Gufunessvæðið

Í desember 2016 voru afhent verðlaun í hugmyndasamkeppni um Gufunessvæðið. Fyrstu verðlaun hreppti Arkitektastofan jvantspijker + Felixx og voru verðlaun afhent í Borgarþókasafni – Menningarhúsi í Spönginni í Grafarvogi. Sex arkitektastofur voru valdar til þátttöku í hugmyndasamkeppninni að undangengnu forvali. Í álitni dómnefndar segir m.a. að allar tillögurnar sex séu vandaðar og vel unnar.

„Vinningstillagan sýnir einstaklega vandaða vinnu og tekst það vandasama verk að vera frumleg á sama tíma og hún fer vel með anda staðar. Þetta er sannfærandi og raunhæf tillaga með skýra heildarhugmynd. Borgarmiðað og skilvirkt gatnakerfi ásamt góðum útirýmum og mannlegum kvarða eru sterkir og mótandi þættir í byggðinni á svæðinu sem fær sitt eigið aðdráttarafl með spennandi áherslu á frumkvöðla og framtíðaratvinnuþróun á svæðinu,“ segir m.a. í álitinu.

Einn helsti tilgangur samkeppninnar var að skoða hvernig svæðið nýtist best fyrir nærliggjandi hverfi og borgina í heild auk þess sem leitað var eftir sterkri heildarsýn fyrir Gufunessvæðið

Í vinningstillögu segir að Gufunes eigi að verða eins konar ventill fyrir ungt fólk sem kys grósku og borgarbrag í stað úthverfa. Tillagan nýtir óhefluð umhverfisgæði og staðaranda sem grunn að samfélagi þar sem tækifæri, hagkvæmni og upplifun verða í forgrunni. Í Gufunesi verður blönduð byggð fyrir íbúðir, smærri atvinnurekstur, skapandi iðnað, menningu, menntun, sýningar, atburði, ferðamannaíðnað og sjálfbærar samgöngur. Tillöguhöfundar telja að Gufunes geti orðið einstakt hverfi í borginni þar sem iðnaðarmannvirki, mannbert

landslag, affreying- og útivist, og stórfengleg fjallasýn við sjávarsíðu mynda órjúfanlega heild.

Tvær aðrar tillögur hlutu sérstaka viðurkenningu. Hornsteinar arkitekta fyrir frábæra landslagshönnun og hönnun útivistarsvæða og Plús arkitekta og Landslag fyrir sterka framtíðarsýn á frekari uppbyggingarmöguleika á svæðinu.





Hljóðvist og loftgæði tryggð með tæknilausnum við Sogaveg 73–77

Samkvæmt deiliskipulagsbreytingunni verður heimilt að rífa núverandi íbúðarhús á lóð Sogavegar 73–75 og byggja í þeirra stað fjölbýlishús með allt að 17–20 íbúðum

Deiliskipulagsbreyting fyrir Sogaveg 73–77 var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði og borgarráði í janúar 2017. Samkvæmt deiliskipulagsbreytingunni, sem unnin var af THG arkitektum, verður heimilt að rífa núverandi íbúðarhús á lóð Sogavegar 73–75 og byggja í þeirra stað fjölbýlishús með allt að 17–20 íbúðum. Á lóð Sogavegar 77 verður einnig heimilt að byggja fjölbýlishús með allt að 25–28 íbúðum. Aðkoma að fjölbýlishúsunum verður um sameiginlega innkeyrslu frá Sogavegi.

Leitast verður við að varðveita núverandi gróður á lóðunum eins og framast verður unnt svo ásynd breytist sem minnst og gróðurinn myndi áfram vörn gegn svifryki frá Miklubrautinni. Á lóðarmörkum að norðan- og austanverðu eru há grenitré sem verða varðveitt. Einnig er gert ráð fyrir nýjum gróðri meðfram Sogavegi. Gerð er krafa um að ofan á þaki bílakjallara skuli gera ráð fyrir nægjanlegum jarðvegi til að hægt sé að hafa gras og gróður. Húsin eiga að hafa

samræmt yfirbragð hvað varðar form, efnis- og litaval og áferð. Vanda skal til hönnunar og frágangs byggingar og lóða.

Vegna umferðarhávaða frá Miklubraut og aðliggjandi römpum er gert ráð fyrir að húsin sjálf myndi hljóðskerm. Byggingarnar eru U-laga og stallast inn á hverri hæð frá Sogavegi. Á lóðarmörkum að Sogavegi verður hljóðskermur 1,2 m á hæð. Á svölum er reiknað með þéttu 1,2–1,6 m háu handriði. Gluggar á þeirri hlið sem snýr að umferðarhávaðanum verða með hljóðeinangrunargleri þar sem þess gerist þörf og íbúðirnar munu hafa vélræna loftræstingu þannig að hljóðstig inni í íveruherbergjum verður alls staðar innan marka reglugerðar.

Mælingar á þessum stað sýna að loftmengun fer yfir heilsuverndarmörk og því er nauðsynlegt að setja loftræstikerfi í húsin, svo ekki sé nauðsynlegt að opna glugga.

Gæða- og verklýsingar fyrir græn svæði



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefur á undanförunum misserum unnið að gerð gæða- og verklýsinga fyrir græn svæði innan borgarmarkanna

Lýsingarnar eiga við um hönnun, uppbyggingu og umhirðu grænna svæða og er þá átt við gras, tré og annan gróður.

Ólafur Ólafsson, deildarstjóri opinna svæða ásamt Magnúsi Bjarklind, skrudgarðyrkjumeistara og garðykjurtækni, hefur stýrt þessari vinnu í samvinnu við yfirverkstjóra garðyrkju Reykjavíkurborgar. Ýmsir fag- og hagsmunaaðilar tóku þátt í yfirlestri og rýni á textum, m.a. Félag skrudgarðyrkjumeistara, starfsmenn Landbúnaðarháskólans, grasframleiðendur o.fl.

Stuðst var við stefnu Reykjavíkurborgar í trjáræktarmálum, drög að íslenskum

staðli fyrir tré og runna og tillögu að stefnumótun um val á tegundum og ræktun götutrjáa hjá Reykjavíkurborg sem unnin var af Samsoni B. Harðarsyni, garðplöntufræðingi og landslagsarkitekt.

Bætt verklag og vinnubrögð

Markmið með gerð þessara gæða- og verklýsinga er að auka gæði við val á gróðri og bæta verklag við frágang á grænum svæðum og við götur borgarinnar. Tilgangurinn er að búa til faglega viðurkennd viðmið vegna gróðurvinnu í borgarlandinu og bæta þannig verklag og gæði. Val á tegundum og rétt forskrift og verklag við gróðurvinnu er mjög mikilvægt til að gróður dafni sem best.

Í gæðalýsingunum eru tilgreindar þær lágmarkskröfur sem Reykjavíkurborg gerir til aðkeypts efnis og vinnu vegna ræktunar. Í gæða- og verklýsingunni eru leiðbeinandi skýringar á einstökum verkþáttum og faglegar kröfur um undirbúning, hönnun og framkvæmd verkefna tilgreindar, sem og leiðbeinandi kröfur um umhirðu og eftirfylgni, m.a. vökvun og áburðargjöf. Þá eru einnig upplýsingar um leyfileg frávík frá kótum, viðmiðum og gæðastöðlum þar sem það á við.

Mikilvægt er að hönnuðir séu vel upplýstir um stefnu Reykjavíkur í málefnum tengdum uppbyggingu og umhirðu gróðursvæða og að þeir nýti stoðgögn borgarinnar við hönnun og gerð verklýsinga. Nákvæmni í verklýsingum eru grunnur þess að gæði fáið í gróðurvinnu og styður um leið að eftirlit með framkvæmdinni geti verið fullnægjandi. Sömu kröfur eru gerðar til verktaka og verkeftirlits um fagþekkingu.


HVAÐ ER Í GANGI?

ÞRÓUN BYGGÐAR Í MIÐBORG REYKJAVÍKUR

Miðborg Reykjavíkur verður til skoðunar á sýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur á HönnunarMars.

Markmiðið er að veita borgarbúum innsýn í þá uppbyggingu sem á sér stað um þessar mundir.

Saga og þróun miðborgarinnar verður sögð í myndum, módelum, textum og viðtölum.



Ráðhús Reykjavíkur er opið alla daga milli 08:00 og 20:00



Umhverfis- og
skipulagssvið
Reykjavíkurborgar

www.reykjavik.is/usk
[www.borgarvefsja.
reykjavik.is/skipulagssja/](http://www.borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/)

Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Sími: 411–1111
skipulag@reykjavik.is

Ábyrgðarmaður:
Ólöf Örvarsdóttir

Ritstjórar:
Björn Ingi Edvardsson
Elinborg Ragnarsdóttir
Gunnar Hersveinn Sigursteinsson
Halldóra Hrólfsdóttir

Forsiðumynd:
Bjarni Brynjólfsson



Reykjavíkurborg

Prentun: Prentmet –
Svansvottuð prentsmiðja
Hönnun og umbrot:
Vinnustofa Atla Hilmarssonar